

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1998

10. desember 1998

2093

Nr. 703

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá og með 15. desember 1998 til og með 31. janúar 1999 eru allar síldveiðar bannaðar innan svæðis á Eldeyjarbanka, sem markast af línnum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'N - 23°00'V
2. 63°43'N - 23°00'V
3. 63°20'N - 24°00'V
4. 64°00'N - 24°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.